

Húsavík,
Seyðisfjörður,
Neskaupstaður,
Reyðarfjörður,
Fáskrúðsfjörður,
Vestmannaeyjar,
Keflavík,
Hafnarfjörður.

II. Flugvellir:

Reykjavíkurflugvöllur,
Sauðárkróksflugvöllur,
Akureyrarflugvöllur,
Egilsstaðaflugvöllur,
Hornafjarðarflugvöllur,
Keflavíkurflugvöllur.

Auglýsing þessi öðlast gildi 1. janúar 1966. Jafnframt er auglýsing nr. 149 frá 3. september 1965 um sama efni úr gildi felld.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 1. nóvember 1965.

F. h. r.

Baldur Möller.

Eliás I. Eliasson.

REGLUGERÐ

um notkun nafnskírteina við greiðslu starfslauna,
skýrslugerðir til skattýfirvalda o. fl.

1. gr.

Sérhver móttakandi launa og annarra greiðslna, sem um ræðir í 3. gr., skal sýna greiðanda nafnskírteini sitt, til þess að greiðandi geti rækt skyldur þær, sem á honum hvíla skv. reglugerð þessari.

2. gr.

Þeir, sem hafa menn í þjónustu sinni, 12 ára gamla og eldri, er taka kaup fyrir starf sitt, skulu, um leið og þeir greiða móttakanda laun í fyrsta skipti eftir gildistöku reglugerðar þessarar, krefjast framvísunar nafnskírteinis hans og skrá hjá sér þær upplýsingar, sem um ræðir í 4. gr. Nú er kaup greitt fyrir milligöngu annars manns, og hvílir þá skyldan á milligöngumanni.

Greiðendur, sem sjálfir hafa í höndum öruggar upplýsingar um öll þau atriði, sem um ræðir í 2. mgr. 4. gr., þurfa þó ekki að krefjast framvísunar nafnskírteinis, er þeir inna af höndum greiðslur skv. 3. gr., en færa skulu þeir upplýsingar þessar á launaskýrslur á sama hátt og aðrir greiðendur skv. 4. og 5. gr.

Fyrirmæli þessarar greinar taka einnig til þess, þótt kaup eða þóknun sé ekki greitt út í peningum, heldur fært á reikning, greitt með skuldajöfnuði, í hlunnindum eða vörum o. s. frv.

3. gr.

Skýlt er móttakanda að sýna þeim nafnskírteini sitt, sem innir af hendi eftirfarandi greiðslur:

1. Hvers konar kaup í hvaða formi, sem greitt er, þar með talin hlunnindi, svo sem húsnæði, fatnaður og fæði.
2. Eftirlaun.
3. Stjórnarlaun og endurskoðunarlaun.
4. Ágóðapóknun.
5. Gjafir, sem teljast kaupuppbót.
6. Bifreiðastyrkir, dagpeningar og risnufé.

4. gr.

Nafnskírteinin eru gefin út af Hagstofu Íslands fyrir hönd Þjóðskrárinnar, skv. lögum nr. 25 21. apríl 1965, til einstaklinga 12 ára og eldri, sem skráðir eru hér á landi.

Greiðandi launa og annarra þóknana, sbr. 3. gr., skal skrá hjá sér þessi atriði eftir skírteininu.

1. Fullt nafn.
2. Nafnnúmer.
3. Fæðingardag og -ár.

5. gr.

Atriði þau, sem um ræðir í 2. mgr. 4. gr. færir greiðandi á fyrirskipaðar launaskýrslur (launamiða) til skattstjóra, skv. því er form skýrslunnar segir til um, en fjármálaráðherra ákveður formið.

Nú tilgreinir greiðandi ekki nafnnúmer á launaskýrslu (launamiða) til skattstjóra, og skal hann þá rita ástæður þess á launaskýrsluna, hafi móttakandi fengið greiðslu eftir gildistöku reglugerðar þessarar.

6. gr.

Ákvæði þessarar reglugerðar taka ekki til erlendra skipverja á íslenskum fiskiskipum og farskipum, sem hafa ekki tilkynningarskylt aðsetur í landi, sbr. ákvæði laga nr. 73 25. nóvember 1952, um tilkynningar aðsetursskipta, með síðari breytingum. Sama gildir um útlendinga, sem nafnskírteini hefur ekki verið gefið út til, vegna heimildar í 5. málsg. 1. gr. laga nr. 25 21. apríl 1965.

7. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 90 7. október 1965, um tekjuskatt og eignarskatt og lögum nr. 25 21. apríl 1965, um útgáfu og notkun nafnskírteina, öðlast gildi 1. janúar 1966 og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Fjármálaráðuneytið, 18. nóvember 1965.

Magnús Jónsson.

Björn Hermannsson.